



Mynd tekin í júlí 2018. Hópurinn samankominn, frá vinstri: Sigurður Björnsson, Guðni Þorsteinsson, Davíð Gíslason, Gunnar Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Atli Dagbjartsson, Snorri Þorgeirsson og Ársæll Jónsson. Mynd: Gyða Magnúsdóttir.

50 ár frá útskrift

Ársæll Jónsson

Í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá því að hópurinn á meðfylgjandi myndum útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands hittust þau á ný í sumarbústað í Úthlíð í Biskupstungum.

Eftir kandiðatsár á Íslandi fóru þessir kandiðatar allir til framhaldsnáms, ýmist til Svíþjóðar, Bretlands eða Bandaríkjanna. Þeir völdu sér barnalækningar, öldrunarlækningar, ónæmislækningar, endurhæfingarlækningar, efna-skíptalækningar, krabbameinslækningar, veirurannsóknir og lyfjarannsóknir. Flestir komu heim til starfa en tveir ílentust í Bandaríkjunum. Tveir eru enn starfandi á Íslandi og þurftu þeir nýlega að standast próf á vitræna getu til að endurnýja starfsleyfi sitt. Þeir stóðust báðir með þryði.



Mynd frá febrúar 1968 (Guðrún Agnarsdóttir).



Teikning Tryggva Magnússonar í Speglinum 1929

Þessi teikning var birt í júniblaðinu (blaðsíðu 299) en farið var rangt með nafn eins af læknum. Tryggvi Ásmundsson er Læknablaðinu alltaf haukur í horni og benti góðfúslega á þessa villu sem er hér með leiðrétt.

Frá vinstri eru eftirtaldir læknar: Helgi Tómasson geðlæknir, Guðmundur Thoroddsen kvensjúkdómalæknir, Gunnlaugur Einarsson háls-, nef- og eyrnalæknir og formaður LR, Guðmundur Hannesson formaður Læknafélags Íslands og ritstjóri Læknablaðsins og Matthías Einarsson skurdlæknir. Jónas frá Hriflu er með pípuhatt og í kjölfötum og list ekki á blikuna þegar lækarnir setja upp ygglíbrún.